

## Samþykkt fyrir fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar

### Umboð

#### 1. gr.

Fjölmeningarráð Reykjavíkurborgar starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og eftir því sem lög mæla fyrir um.

### Verksvið

#### 2. gr.

Fjölmeningarráðið skal vera borgarstjórn, nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni borgarbúa sem snúa að innflytjendum. Ráðið skal stuðla að hvers konar upplýsingagjöf og samstarfi Reykjavíkurborgar við grasrótarsamtök innflytjenda og gera tillögur til borgarráðs sem varða verksvið þess. Ráðið skal leitast við að tengja saman fjölmeningarleg samfélög á Íslandi, byggja brýr á milli Íslendinga og innflytjenda og koma hagsmunum innflytjenda á framfæri.

#### 3. gr.

Fjölmeningarráð er vettvangur samráðs borgarbúa sem eru innflytjendur, grasrótarsamtaka þeirra, atvinnulífs og borgaryfirvalda og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Fjölmeningarráð er ráðgefandi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar í málaflokknum og stuðlar að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu borgarstofnana til borgarbúa sem eru innflytjendur.

#### 4. gr.

Fjölmeningarráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

### Skipan

#### 5. gr.

Fjölmeningarráðið er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kýs tvo fulltrúa og tvo til vara, **Samtök kvenna af erlendum uppruna, W.O.M.E.N.**, tilnefna **einn** fulltrúa og **einn** til vara. **Móðurmál, samtök um tvítýngi, tilnefna einn fulltrúa og einn til vara. Einn fulltrúi er tilnefndur af Starfmannafélagi Reykjavíkurborgar, STVR, úr hópi starfsmanna Reykjavíkurborgar af erlendum uppruna og einn til vara.** Borgarstjórn kýs formann ráðsins en fjölmeningarráð sjálft kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar. Þá getur ráðið tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Þá getur fjölmeningarráð tekið ákvörðun um áheyrnarfulltrúa hagsmunasamtaka með málfrelsi og tillögurétt.

Fjölmeningarráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 6. gr.

Formaður fjölmeningarráðs er í forsvari fyrir það um stefnumótun og ákvarðanir þess eftir því sem við á og hefur, ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu, eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Fjölmeningarráð er vistað hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar. Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu skrifstofunnar.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### 7. gr.

Fjölmeningarráð skal að jafnaði halda fund mánaðarlega, þ.m.t. opinn fund árlega með Borgarstjórn Reykjavíkur og hagsmunaaðilum. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við mannréttindastjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 eftir því sem við á.

Mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar skal sitja fundi fjölmeningarráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar sem og aðra þá sem hún telur þörf á hverju sinni.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### 8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

### *Samráð*

#### 9. gr.

Fjölmeningarráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Ráðið skal leita umsagna eða annars samráðs

Þegar við á og efni mála gefur tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumörkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Fjölmenningarráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári auk sameiginlegs fundar fjölmenningarráðs með Borgarstjórn Reykjavíkur.

*Málsmeðferð*

10. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvörðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu ráðsins skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal ráðið taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá jafnframt úr gildi samþykkt fyrir fjölmenningarráð Reykjavíkur frá 4. apríl 2017.

*Samþykkt í borgarstjórn  
XX.XX.2018*